

FRÉTTATILKYNNING:

## Ragnar Kjartansson fer fyrir Íslands hönd á Fenejvatváeringinn 2009

Listamaðurinn Ragnar Kjartansson hefur verið valinn til að sýna fyrir Íslands hönd á Myndlistartváeringnum í Fenejvatváeringnum árið 2009.

Tváeringurinn, sem er einn helsti viðburður á alþjóðlegum myndlistarvettvangi, verður þá haldinn í 53. sinn. Þangað senda þjóðir heims fulltrúa sína og þar er teflt fram því besta og nýstárlegasta sem völ þykir á hverju sinni.

Ragnar Kjartansson fæddist 1976 og útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2001. Þá strax vakti hann athygli þeirra sem fylgjast með ungum listamönnum og hefur síðan haldið tólf einkasýningar í fimm löndum og tekið þátt í nær þrjátíu samsýningum víða um heim. Hann hefur fengist við ýmsa miðla – myndbönd, innsetningar, skúlptúr og málverk – en lítur fyrst og fremst á sig sem gjörningalistamann og fer ekki í felur með að þar njóti hann uppeldisins hjá foreldrum sínum, Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu og Kjartani Ragnarssyni leikara og leikstjóra. Jafnframt myndlistinni hefur Ragnar átt feril í tónlist, nú síðustu árin með hljómsveitinni Traband. Ragnar hefur náð skjótum þroska og frama í ferli sínum og hefur óvenju sterk og skýr höfundareinkenni svo jafnvel þekkt úr á alþjóðlegum vettvangi. Hann á djúpar rætur á Íslandi en starfar um allan heim, auk þess sem hann fellir inn í starf sitt hin ýmsu listform, tónlist, leikhús og auðvitað myndlistina.

Gjörningar Ragnars eru alltaf eftirminnilegir og margir hafa vakið athygli langt út fyrir hóp sýningargesta. Þannig var til dæmis um framlag hans til Listahátíðar í Reykjavík 2005 þar sem hann sýndi langt fyrir utan höfuðborgina, í samkomuhúsinu Dagsbrún undir Eyjafjöllum sem staðið hafði ónotað og í niðurníðslu í mörg ár. Þar var hann sjálfur á sviði tólf tíma á dag í tvær vikur og raulaði við eigin undirleik í umhverfi sem hann skreytti sjálfur, íklæddur gömlum leikhúsbúningi. Þar fjallaði Ragnar um örlög listamannsins á ansi nærgöngulan en margræðan hátt og lék eins konar leikhúsdraug sem gaufar einn við ýmsa tilgangslitla iðju fjarri iðu mannlífsins. Þótt

sýningarstaðurinn væri afskekktur reyndist þetta einn sá þáttur hátíðarinnar sem flestir erlendir fjölmiðlar gátu um og lofuðu.

Ragnar hefur sýnt að hann er hvorki hræddur við að snúa upp á viðtekin sjónarhorn og væntingar áhorfenda né við að bera sjálfan sig og taka á 'erfiðum' persónulegum málefnum í list sinni. Síðasta einkasýning Ragnars á Íslandi var í Nýlistasafninu nú haustið 2007 og var stór innsetning með myndbandsverki þar sem Ragnar sjálfur stendur þrúðbúinn á sviði fyrir framan gamaldags ballhjósveit og syngur með tilþrifum, klukkutímum saman, sama stefið uns hann er við að örmagnast. Textinn sem hann syngur í sífellu er á ensku: Sorrow conquers happiness (sorgin sigrar hamingjuna).

Ragnar er yngsti listamaður sem við höfum valið á Tváeringinn. Með honum teflir Ísland fram ungum listamanni sem hefur á skömmum tíma byggt upp eftirtektarvert höfundarverk og sýningarferil. Hann er verðugur fulltrúi þess gróskumikla myndlistarlífs sem nú blómstar í landinu auk þess sem verk hans hafa sterkar tilvísanir í menningarlegar hefðir, sögu og sammannlega reynslu.

Val á fulltrúa Íslendinga á Fenejvatváeringinn var í höndum fagraðs Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar, en fagraðið skipa: Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvarinnar, Hafþór Yngvason, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur og Rúrí, myndlistarmaður. Gestir nefndarinnar við valið voru Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, og Kristján Steingrímur Jónsson, deildarstjóri myndlistardeildar Listaháskóla Íslands.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar hefur umsjón með þátttöku Íslendinga í Fenejvatváeringnum. Menntamálaráðuneytið leggur rekstrarfé til Kynningarmiðstöðvarinnar.

Kynning á sýningunni og staðsetningu hennar verður í október 2008.

Myndir og myndbönd af ýmsum eldri verkum Ragnars má skoða á slóðinni:

[www.ragnarkjartansson.com](http://www.ragnarkjartansson.com)